

Kynningarbréf og beiðni um upplýst samþykki

Mikilsvert er að til þjónustu innan þjóðkirkjunnar veljist ætíð góðir og hæfir einstaklingar. Til að svo megi verða eru umsækjendur um starfsþjálfun djákna- og prestsefna kallaðir til trúnaðarviðtals við starfsþjálfunarteymi. Þá leggur sálfræðingur fyrir persónuleikapróf.

Markmið með trúnaðarviðtölum er einkum tvíþætt: Í fyrsta lagi að eiga gott samtal þar sem tóm gefst til að ræða væntingar viðkomandi djákna- eða prestefnis til náms og starfs á kirkjulegum vettvangi. Í öðru lagi að leitast við að leggja mat á reynslu, færni og hæfni þeirra til starfa innan kirkjunnar.

Sálfræðingur leggur eitt eða fleiri persónuleikapróf fyrir umsækjendur. Niðurstöðum úr þeim er fylgt eftir í trúnaðarviðtali umsækjanda og sálfræðingsins og kynnt starfsþjálfunarteyminu. Fyrirlagning persónuleikaprófa á það sammerkt með ofangreindum viðtölum að vera úttekt á persónulegum eiginleikum, færni og hæfni til starfa á kirkjulegum vettvangi. Ef talið er ástæða til að afla fleiri umsagna mun Þjóðkirkjan upplýsa umsækjanda um það.

Þær upplýsingar sem fram koma í viðtölum og það sem persónuleikapróf leiða í ljós er meðhöndlað af fyllstu gætni og í samræmi við siðareglur þjóðkirkjunnar og sálfræðinga um trúnað. Þjóðkirkjan fær afhenta skýrslu sálfræðingsins á niðurstöðum. Skýrslunni er eytt þegar sjö ár eru liðin frá því að prófin voru lögð fyrir en sálfræðingur eyðir gögnum persónuleikaprófa þegar aðkomu hans að viðkomandi einstaklingi er lokið og hann hefur afhent Þjóðkirkjunni viðkomandi gögn.

Gögnum þessum verður ekki miðlað til annarra aðila en þeirra sem koma að starfsþjálfunarferlinu.

Umsækjendur eru beðnir um að staðfesta með undirskrift sinni að þeim hafi verið kynntur tilgangur og markmið ofangreindra trúnaðarviðtala, forsendur persónuleikaprófa og að þeir veiti upplýst samþykki sitt fyrir þátttöku.

Kynningarbréf þetta er í tvíriti og mun umsækjandi halda eftir eintaki.

Umsækjanda hefur verið leiðbeint um réttindi sín á grundvelli persónuverndarlaga nr. 90/2018 og möguleika sína til að kvarta til Persónuverndar.

Fulltrúi starfsþjálfunarteymis

Magnús Blöndahl
Sérfræðingur í klínískri sálfræði fullorðinna
Lektor í Hagnýtri atferlisgreiningu hjá HÍ

_____ kt. _____ Dags. _____

Umsækjandi um starfsþjálfun